

Svar

félags- og barnamálaráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um kærur og málsmeðferðartíma.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hversu margar kærur bárust eftirtöldum á hverju ári frá árinu 2013:
 - a. kærunefnd húsamála,
 - b. úrskurðarnefnd velferðarmála: almannatryggingar,
 - c. úrskurðarnefnd velferðarmála: atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir,
 - d. kærunefnd jafnréttismála,
 - e. Félagsdómi,
 - f. ráðherra?
2. Hver var meðalafgreiðslutími á hverju ári? Hver var stysti tími sem tekið hefur að afgreiða kærur og hver var lengsti tími á hverju ári?
3. Hversu margar kærur voru óafgreiddar hjá hverjum úrskurðaraðila 1. nóvember sl.?

Þess skal getið í upphafi að forsætisráðuneytið fer með mál er varða kærunefnd jafnréttismála frá 1. janúar 2019, sbr. forsetaúrskurð nr. 119/2018, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands. Eftirfarandi töflur ná til loka ársins 2018 en félags- og jafnréttismálaráðherra fór með málefni kærunefndar jafnréttismála til og með 31. desember 2018:

| Ár | Úrskurðarnefnd velferðarmála; almannatryggingar | Úrskurðarnefnd velferðarmála; atvinnuleysistryggingar | Kærunefnd jafnréttismála | Kærunefnd húsamála |
|--------------------------------------|---|---|--------------------------|--------------------|
| <i>Fjöldi kæra</i> | | | | |
| 2013 | 399 | 158 | 5 | 93 |
| 2014 | 370 | 94 | 9 | 61 |
| 2015 | 379 | 87 | 10 | 58 |
| 2016 | 420 | 72 | 6 | 49 |
| 2017 | 321 | 60 | 8 | 83 |
| 2018 | 333 | 39 | 8 | 127 |
| <i>Meðalafgreiðslutími í mánuðum</i> | | | | |
| 2013 | 4,6 | 7 | 5,9 | 5,4 |
| 2014 | 4,4 | 8,3 | 4,7 | 3,4 |
| 2015 | 5,4 | 6,1 | 5 | 4,3 |
| 2016 | 7,8 | 6,4 | 4,2 | 5,7 |
| 2017 | 6,2 | 2,6 | 3,2 | 4,3 |
| 2018 | 3,5 | 2,7 | 4,7 | 2,4 |

| Ár | Úrskurðarnefnd velferðarmála; almannatryggingar | Úrskurðarnefnd velferðarmála; atvinnuleysisstryggingar | Kærunefnd jafnréttismála | Kærunefnd húsamála |
|---|---|--|-----------------------------|-----------------------|
| <i>Stysti afgreiðslutími í mánuðum</i> | | | | |
| 2013 | 0,2 | 0,3 | 4,6 | 0,3 |
| 2014 | 0,8 | 0,3 | 2,5 | 0,8 |
| 2015 | 0,2 | 0,4 | 2,1 | 0,7 |
| 2016 | 0,4 | 0,3 | 0,1 | 2,8 |
| 2017 | 0,4 | 0,3 | 0,2 | 1,5 |
| 2018 | 0,3 | 0,5 | 3,9 | 0,2 |
| <i>Lengsti afgreiðslutími í mánuðum</i> | | | | |
| 2013 | 16 | 13,3 | 7 | 34,4* |
| 2014 | 15,7 | 17,3 | 9,3 | 7,3 |
| 2015 | 17 | 12,5 | 7,7 | 15,9 |
| 2016 | 23,3 | 12,5 | 6,8 | 17,9 |
| 2017 | 12,5 | 7,5 | 6,5 | 12,6 |
| 2018 | 8,8 | 7,3 | 5,6 | 5,4 |
| <i>Óafgreiddar kærur 1. nóvember 2018</i> | | | | |
| | 111 | 12 | 2 | 42 |

*Málsmeðferð dróst vegna þess að það þurfti að fá utanaðkomandi matsmenn til að vinna mót fyrir málin.

Kærur til félags- og jafnréttismálaráðherra:

| Ár | Fjöldi kæra | Meðalafgreiðslutími í mánuðum | Lengsti afgreiðslutími í mánuðum | Stysti afgreiðslutími í mánuðum |
|------|-------------|----------------------------------|-------------------------------------|------------------------------------|
| 2013 | 10 | 8,3 | 14,3 | 4 |
| 2014 | 12 | 5,5 | 7,3 | 4 |
| 2015 | 8 | 10,5 | 13,3 | 5,9 |
| 2016 | 13 | 8,64 | 14,3 | 0,7 |
| 2017 | 16 | 5,3 | 10,4 | 0,9 |
| 2018 | 22 | 4,55 | 11,1 | 0,3 |

Óafgreiddar kærur 1. nóvember 2018: 11

Ráðuneytið hefur ekki upplýsingar varðandi dóma og úrskurði Félagsdóms.